

Vorid

TÍMARIT FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

38. ÁRGANGUR 3. HEFTI — MAÍ JÚNÍ 1972

KEMUR ÚT ANNAN HVERN MÁNUÐ, 36 SÍÐUR HVERT HEFTI. ÁRGANGURINN KOSTAR 180 KRÓNUR OG GREIÐIST FYRIR 1. MAÍ. AFGREIÐSLA: BERGSTAÐASTRÆTI 27 - REYKJAVÍK - PÓSTHÓLF 1343 - SÍMI 10448

BIRGIR KJARAN:

Sigurður Guðmundsson

MÁLARI



„Hjá traustum Tindastóli
í túni spratt ein hvönn,
sú var beizk á bragðið,
en bæði fríð og sönn.“

Matth. Jochumson.

Veturinn 1832—1833 var talinn góður, frostalítill og snjókoma með minnsta móti. Hins vegar var hann töluvert viðburðaríkur í íslenzku þjóðlífi, þar sem skiptust á hret — áföll — og nokkur nýbreytni, sem horfðu til vorboða.

Skörð urðu fyrir skildi. — 9. febrúar 1833 andaðist Baldvin Einarsson, lögfræðingur, í Kaupmannahöfn, af brunasárum, aðeins 27 ára að aldri, og þá orti Bjarni Thorarensen harmstökuna kunnu:

Íslands
óhamingju
verður allt að vopni!

eldur úr iðrum þess,
ár úr fjöllum
breiðum byggðum eyða.

17. marz lézt Magnús Stephensen, konferenzráð, að heimili sínu í Viðey, rúmlega sjötugur að aldri, og hlaut þau eftirmæli Jóns Sigurðssonar: „Allir eru samdóma um það, að Magnús Stephensen hafi verið einn merkilegasti maður, sem verið hefur á Íslandi.“ — Í júlímánuði féll frá í Kaupmannahöfn Bjarni riddari Sívertsen, sjötugur að aldri. Hann hafði lengi verið kaupmaður í Hafnarfirði og einn fremstur brautryðjandi íslenzkrar verzlunar.

Til framfara horfði það hins vegar, að Lyfsalan var flutt frá Nesi á Seltjarnarnesi í mikið hús, sem Oddur Thorarensen lét reisa við Austurvöll í Reykjavík, Ulstrup, land- og bæjarfógeti, lét byggja húskrili við þvottalaugarnar til afdreps fyrir lúnar þvottakonur bæjarins, og varð þó að afla samskotafjár til framtaksins.

Á þessu Herrans ári, 9. dag marzmánaðar, fæddist að Hellulandi norður í Skagafirði piltur, sem heitinn var Sigurður, og síðar oftast nefndur „Sigurður málari.“ Foreldrar hans voru Guðmundur Ólafsson, bóndi, og kona hans, Steinunn Pétursdóttir, frá Ási í Hegrnesi. — Í ritgerð, sem Páll Briem skrifaði á sínum tíma um Sigurð, heldur hann því fram, að skapgerðarhörkuna hafi hann erfð frá föður sínum, „festuna frá móðurfrændum sínum, en gáfurnar frá báðum foreldrum.“

Sigurður ólst upp í foreldrahúsum að Hellulandi og síðar í Hofdölum.

Snemma byrjaði hann að



Mynd Sigurðar af Nielsi skálda.

teikna og tálga. Hann mun ekki hafa verið nema 10 eða 11 ára, er hann kom eitt sinn að Flugumýri til Ara læknis Arasonar og sá fyrir ofan rúm í stofunni mynd af gráum hesti. Þótti sveininum myndin svo falleg, að hann hafði ekki augun af henni, og þegar heim kom, teiknaði hann mynd svo líka, að allir undruðust, sem sáu. — Á fermingaraldri lá leið hans heim til Hóla. Þar héngu biskupamyndirnar gömlu enn á veggjum dómkirkjunnar, og gerði hann litmyndir eftir þeim af furðulegri leikni. Bjargaði hann þar frá glötun mynd Gísla Hákonarsonar, lögmanns, er þar var, með því að gera litmynd eftir henni. Á þessum árum meitlar hann með þjalaroddi mynd Gísla Konráðssonar, fræðimanns, í blágrýtisstein, og er sú mynd nú í Þjóðminjasafninu.

Margt fleira hafðist hann að, málaði litmynd af Pétri bróður sínum, síðar presti í Grímsey, gerði teikningar af mönnum og meitlaði í stein mynd af Niels skálda.

Sem betur fer, sáu foreldrar Sigurðar, hvað í drengnum bjó. Hann var lítið búmannsefni, en listhneigður mjög. Því var ráðgert að reyna að senda hann utan til náms. Árið 1849 hélt hann með haustskipinu frá Hofsósi til Kaupmannahafnar, aðeins 16 ára. Faðir hans hafði að vísu hugsað honum þar annað nám og starfa en úr varð.

Á Hofsósi var danskur verzlunarmaður, sem Hólm hét, og átti hann í Kaupmanna höfn bróður, sem rak málaraverkstæði, og málaði húsgögn og stofur. Til hans var Sigurður sendur. Hann kom til Kaupmannahafnar 20. september 1849. En þegar til Hafnar kom, vaknaði Sigurður við vondan draum, því að Holm setti hann gagnert í að mála húsgögn og annað inn anhúss. Lenti þá fljótlega í árekstrum og orðasennum milli Sigurðar og Holms, er lyktaði með því, að Sigurður hélt út á strætin, umkomulítill unglingur, í algera óvissu. Þá varð fátæk þvottakona til þess að skjóta yfir hann skjólshúsi um stund.

Foreldrum Sigurðar brá að vonum mjög í brún, er þau höfðu fregnir af þessu tiltæki sonarins, og Guðmundur bóndi skrifaði syni sínum áminningarbréf, dags. 11. febrúar 1850, og kemst m. a. svo að orði: „Ég áminni þig nú (máske í seinasta sinn) fyrst, að þú reynir að taka eitthvað það fyrir, sem nytsamt er og kostnaðarlítið.“ Þetta var árangurslítill hinztá áminning föður hans, því að Guðmundur lézt tæpum tveim mánuðum síðar, 5. apríl 1850. Benti hann syni sínum á, að málaraíðn gæti gefið sæmilegar tekjur og námstilkostnaðurinn væri lítill,



Mynd Sigurðar af Gísla Konráðssyni.

en listanám myndi hins vegar kosta 4 til 5 hundruð dali á ári, og afkomumöguleikar óbeisnir. — Fram til þessa höfðu víst aðeins þrír Íslendingar stundað listmálaránám í Kaupmannahöfn: Sæmundur Hólm, Helgi Sigurðsson, prestur að Melum, og Þorsteinn Gunnarsson, málari. Sæmundur gerði að vísu merkilegar myndir nokkurra samtíðarmanna sinna, en ævi hans var annars mjög í molum. — Helgi lagði myndlistina á hilluna, en minning hans lifir, þó ekki sé fyrir annan en mynd er hann dró upp í Kaupmannahöfn og

bjarg þannig svipmóti hans fyrir þjóðina. — Þorsteinn gerði nokkrar mannamyndir og altaristöflur, en neyddist síðar til þess að gerast söðlasmiður til þess að hafa í sig og á. — En fyrir Sigurði rættist þó betur úr í Höfn en á horfðist, því að þar eignaðist hann fljótt trausta vini og hjálparhellur, m.a. þá Jón Sigurðsson og Konráð Gíslason. Fyrir tilstilli Konráðs kynntist hann prófessor A. Jerichau, sem bauð honum endurgjaldslaust myndlistarkennslu, og á heimili hans sá Gustav Frederich Hetsch, prófessor við listaháskólann, myndir Sigurðar, og þótti honum svo mikið til þeirra koma, að hann bauð honum ókeypis kennslu við Listaháskólann á hverju kveldi og síðar veitti hann honum einnig kennslu í einkatímum á heimili sínu.

Fremur lítið hefur varðveitt af verkum Sigurðar frá Hafnarárunum. Þó gerði hann á þessum árum, 1853—1857, nokkur málverk af Hafnar-Íslendingum, t.d. af Arnljóti Ólafssyni, síðar alþingismanni. Um þá mynd er sögð sú saga, að eitt sinn hafi hún verið til sýnis í glugga gamla spítalans. Bjarna Jónssyni, rektor, varð þá gengið þar framhjá og tók ofan með mestu virktum fyrir „portrettinu“ af sr. Arnljóti. Jóni Thorarensen, presti í Stórholti, Jóni Aðalsteini Sveinssyni frá Staðarstað, Magnúsi Blöndal, sýslumanni Rangæinga, Steingrími Thorsteinsson, auk sjálfsmýndarinnar góðkunnu, sem hlaut mikið lof á sýningu í Kaupmannahöfn. — Þá má og telja olfumálverk hans af Amorsmynd Thorvaldsens.

Um vináttu Sigurðar og Steingríms Thorsteinssonar segir Hannes Pétursson svo í bók sinni um ævi Steingríms: „Með Steingrími og Sigurði málara, sem búinn var að dveljast í Höfn frá því um haust-

ið 1849, þegar Steingrímur kom út, tókst mikill og traustur vinskapur, enda áttu þeir margt sameiginlegt: Sigurður hafði yndi af skáldskap og var sjálfur hagarður, og Steingrímur hafði gott auga fyrir myndlist, en báðir voru þeir jafnmiklir fylgismenn Jóns Sigurðssonar.“

Matthías Jochumsson hitti þá féлага á ferð sinni til Hafnar og segir svo: „1856 kom ég sem frumferli fyrst upp á Garð og mætti fyrir innan við portið tveim ungum mönnum, og man ég enn, hvernig þeir voru klæddir; kom mér óðara í hug, að þar sæi ég merka sveina. Annar hét Sigurður málari, en hinn Steingrímur. Við töluðum fátt saman í það sinn, en ég merkti mér þá þegar skáldið og málaraann.“

En Kaupmannahafnardvölin hafði önnur og ekki síður djúpstæð áhrif á lífsferil Sigurðar. — Hann bjó um tíma með Gísla Magnússyni, latínuskólakennara, og kannski fyrir áhrif hans tók Sigurður að lesa Íslendingasögurnar af kappi, og sökksti sér niður í íslenzka menningarsögu, rannsóknir á húsum, vopnum og klæðaburði sögualdarinnar. Sat hann langtímum á Árnasafni við þessar rannsóknir. — Fyrsta árangurinn af þessum athugunum birti hann í ritgerðinni „Um kvenbúninga á Íslandi að fornu og nýju“ sem Jón Sigurðsson kom á framfæri í Nýjum Félagssritum 1857. Markmið þeirrar greinar var að fá konur til að taka upp íslenzkan búning í nýrri og fegurri mynd. Þar kemst hann m.a. svo að orði:

„Það er illt og broslegt að sjá, þegar menn koma í sveitakirkju á Íslandi og mikið er haft við; það er eins og þar sé saman komnar alls konar þjóðir, og sé sín skepnan af hverri þjóð, er þetta þó einkanlega kvenfólkið; í sömu kirkjunni

er kvenfólk með allskonar fatasnið, svo að manni gæti dottið í hug, að maður væri kominn á grímudans. Sumar bera „kappa“, sem þær hafa þreytt hugvit sitt á að skreyta með allskonar börðum, beiglum og útklipptum sepum, svo að þetta lítur út sem merkilegasta þöngulhöfuð. Aðrar hafa „gjörð“ upp á grænlenzku, en aðrar hafa „dyllu“ eða tyllu, með löngu horni aptur af hnakkanum, öldungis upp á tyrknesku. Aðrar hafa hatt á höfði með stóru skygni, sem stendur fram og upp af höfðinu, miklu meira en nokkur hjálmgríma með tveimur klóm á kollinum, sem ógna tveim himinsáttum.“

Sumarið 1856 fór Sigurður í kynnisför til Íslands eftir 7 ára dvöl í Höfn. Hann ferðaðist um Norðurland og heim-sótti kunningja og vini. Þessi för var honum lærdómsrík. — Enn snýr hann til Kaupmannahafnar og dvelur þar næstu tvö árin, en þá safnar vinur hans Helgi E. Helgason handa honum heimfarareyri, mest meðal íslenzkra stúdenta, að upphæð 56 ríkisdalir.

Sigurður Guðmundsson kom til Reykjavíkur í vetrarbyrjun árið 1958, örsnauður en fjölmenntaður. Kom hann til landsins með Stykkishólmsskipi. Ferðaðist dálítið um Vesturland og var um skeið í Flatey og teiknaði þar vestra myndir af fyrirfólki, m.a. velunnara sínum, frú Þuríði Kúld.

Reykjavík var þá enginn stórstaður og heldur viðburðalítið það árið eins og oft endranær í þá tíð. Að vísu kom fyrsta póstgufuskiptið „Arcturus“ til bæjarins það árið og var þar með lokið póstflutningum til landsins með seglskipum. Alþingiskosningar fóru fram 2. september í

Reykjavíkurborg. Á kjörskrá voru 69 kjósendur, en ekki var áhuginn meiri en svo, að aðeins 34 sóttu kjörfundinn. Var Halldór Kr. Friðriksson skólakennari kosinn með 24 atkvæðum. Kaupstaðurinn stækkaði og nokkuð á árinu, þar sem hann fékk afsal fyrir fyrir Hlíðarhúsum og Ánanaust, sem áður höfðu verið eign Helgafellsprestakalls. Íbúar Reykjavíkur voru um þessar mundir aðeins hálf annað þúsund. Helztu byggingar, Dómkirkjan, Latínuskólinn og stiftamtmannsbústaðurinn, flest annað torfkofar og timburhjallar. Sigurður Guðmundsson var aðeins 25 ára, þegar hann kom til Reykjavíkur, og þar sat hann svo um kyrrt að mestu það, sem eftir var ævinnar, í 16 ár, nema hvað hann ferðaðist til Þingvalla, að Geysi og um sögustaði í Rangárvallasýslu.

Sigurður fékkst við margt í Reykjavík. Enn hélt hann áfram að vinna að hátíðarbúningi kvenna, sem átti að byggja á gamla faldbúningnum. Faldurinn skyldi vera ímynd jöklanna, gullbalderingin sól-argeislarnir, blómskrautið sumargróðurinn. — Það vekur næstum furðu, hversu skjótt honum tókst að vinna honum hylli íslenzkra kvenna ásamt fögru kvensilfri Sigurðar Vigfússonar, gullsmíðs. Sendu konur þær, er fyrst tóku upp hátíðarbúninginn, Sigurði að gjöf vandaðan alklæðn að í þakklætisskyni. — Ef til vill má segja, að Sigurður Guðmundsson hafi verið fyrsti tízkuteiknari á Íslandi.

Allmargar altarisöflur málaði Sigurður um þessar mundir, til þess að afla sér tekna, en litla ánægju mun hann hafa haft af þeim starfa.

Framhald í næsta blaði.

KEMUR ÚT ANNAN HVERN MÁNUÐ.

36 SÍÐUR HVERT HEFTI.

ÁRGANGURINN KOSTAR 180 KRÓNUR

OG GREIDIST FYRIR 1. MÁÍ.

AFGREIDSLA: BERGSTAÐAÐSTRÆTI 27 - REYKJAVÍK

PÓSTHÓLF 1343 - SÍMI 10448

E F N I :

BIRGIR KJARAN:

FRAMHALD ÚR SÍÐASTA BLAÐI

SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

málari

SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

MÁLARI

KARL SKÓSMÍÐUR

ÞEGAR KRUMMI ÞJARGAÐI

LÍFI VINNUSTÓLKUNNAR

ÆVINTÝRABÓKIN

PAPPÍR

HÁSKÓLAVERÐLAUNIN

CHARLES DICKENS

NOREGUR OG DANMÖRK

RÆÐAST VIÐ

BERGMÁLID

ÞEGAR ELDSPÝTAN FANNST

ABRAHAM LINCOLN

GRANT SKIPSTJÓRI

GRÁNI

KRUMMAVÍSUR


SKRÍTLUR O. FL.

Sigurður Guðmundsson málari hafði mikinn áhuga fyrir Reykjavík, fegrun bæjarins, skipulagi og hollustuháttum. Hann vildi láta sjá bæjarbúum fyrir nægu og góðu drykkjarvatni og samdi jafnvel nánast hagfræðilega ritgerð um það efni. Árni Thorsteinsson, landfógeti, lét endurbyggja Skólavörðuna, sem tvívegis hafði hrunið, og lét Sigurð ráða mestu um gerð hennar. Hann vildi gera stytta af Ingólfi á Arnarhóli, og átti hann að halda á logandi blysi, sem væri um leið innsiglingarljós. Hann kom trúlega fyrstur fram með hugmyndina um að gera Laugardal að skemmtistað reykvískrar æsku. Sundlaug vildi hann og hafa og skrifaði m.a. grein í Þjóðólf 12. ágúst 1864 um þessi efni. Líkneskið af Ingólfi Arnarsyni átti að reisa í tilefni þúsund ára Íslandsbyggðar og átti það að horfa til hafs. Sigurður hafði gert frumdrætti að myndinni í eina af vasabókum sínum, en nokkrar þeirra eru til í vörzlu Þjóðminjasafnsins og kennir í þeim margra skemmtilegra grasa. Eitt af Reykjavíkurplönunum hans var að gera höfn og hafa hana sem kostnaðarminnsta með því að grafa Tjörnina upp. Þá vildi hann hafa gosbrunna í brekkunum og tré meðfram vegum að Tjörninni. Stórbyggingar lands og höfuðborgar áttu svo að standa á hæðunum beggja vegna Tjarnar. Ekki var þessu öllu jafnvel tekið og nefndu sumir samtíðarmenn hans þetta „loftkastala patriótisma.“ — Og í margra augum var hann aðeins misheppnaður listamaður, sem gárungar í Kaupmannahöfn höfðu kallað „Sigga geni.“ Menn sáu hann ganga fátæklegan um göturnar í Reykjavík, heyrðu, að hann fengi gefins að borða tímakorn á vetrum í húsi einu í bænum og því ekki að furða, þótt sumir menn hristu höfuðið, þegar þeir sáu hann.“ Þeir sáu ekki annað í honum en ónytjung, sem ekki hafði dugað til þess, sem hann hafði lært í æsku,

og þeim var illa við hann, því að þeir vissu, að hann var tannhvass og fór stundum ómjúkum orðum jafnvel um þá, sem völdin og féð hafa,“ segir Páll Briem.

En hollvini átti hann þó góða, og má þar m.a. telja Jón Guðmundsson, ritstjóra Þjóðólfs, en um það segir Indriði Einarsson, sem þessu var gagnkunnugur: „Hús Jóns Guðmundssonar hélt uppi Sigurði Guðmundssyni, sem annars hefði ekki haldizt við í Reykjavík,“ Steingrím Thorsteinsson, Helga Helgason, Jón Árnason. Þjóðsagnasafnara o.fl. Auk þess sem Jón Sigurðsson var honum jafnan óbrigðull bakhjarl.

Þá mun Sigurður og hafa átt hlýlegt athvarf á heimili Jóns Borgfirðings og greinir í Minningum sínum Guðrún Borgfjörð frá kynnum sínum af Sigurði, jafnframt því, sem hún gefur einkar skíra persónulýsingu af honum. Fara þau orð hennar hér á eftir: „Á hverjum vetri var nokkrum fátækum piltum gefið að borða, sumum einn mánuð, öðrum í tvo mánuði, t.d. Kristjáni Jónssyni, skáldi, Sigurði slembi og Sigurði Guðmundssyni, málara. Hann var ekki matmaður. Aldrei hef ég séð karlmann borða eins lítið. Úr því að ég nefni Sigurð ætla ég að skrifa dálítið um hann. Hann er vel þess verður. Ég hugsa líka, að það séu ekki margir, sem nú lifa og hafa þekkt hann persónulega. Ég þekkti hann bæði frá Jóni Guðmundssyni, því að þar gekk hann út og inn sem heimilismaður, og svo þá veru hans hjá okkur. Sigurður var áreiðanlega fæddur listamaður, en hann var líka olnbogabarn heimsins og hamingjunnar. Hann var merkilegur maður og skarpvitur, en einkennilegur var hann og ekki mikill fyrir mann að sjá, tæplega meðalmaður á hæð,



Matthías Jochumsson.

grannvaxinn með dökkt hár og samlitt skegg, sem náði niður á bringu, gullfalleg augu, en nærsýnn með afbrigðum. Það var næstum óhuggulegt að sjá hann borða með nefið niður í diskinn, en eitthvað var það við hann, sem gjörði það, að maður tók meira eftir honum en öðrum. Sigurður var fáskiptinn um annarra hagi, en gat verið meinyrtur, ef talað var um menn eða málefni, sem ekki féll í hans geð. Fátækur var hann alla ævi. Ég eftast um, að hann hafi nokkurn tíma átt ytri föt til skipta, er hann var mjög þrifinn. Aldrei sá á honum duft. Mér finnst, að nafn Sigurðar málara megji ekki gleymast, jafn mikið og hann hefur gjört fyrir land og þjóð. Í það minnsta ættum við íslenzkar konur ekki að gleyma því. Það var hann, sem lagaði og bjó til þjóðbúning okkar, ég meina nýja skrautið, sem

kallað var og er.“ — Hann gerði líka marga uppdrætti til að sauma eftir, bæði á veggkjöld, sessur og margt fleira í gömlum stíl. Allt þetta hefur hann gjört fyrir íslenskar konur. Ég hefi oft hugsað um það, að það væri rétt fyrir þessar framtakssömu og duglegu konur, sem skipta sér af öllu, ja, þótt þeim komi það ekkert við, að beita sér fyrir því að halda uppi nafni hans og minningu.“

Einn snarasti þátturinn í ævisögu Sigurðar málara, og sá, sem e.t.v. verður lengst minnst er brautryðjendastarf hans við stofnun Forngripasafnsins. Strax árið 1857 var Sigurður farinn að hugleiða stofnun „þjóðlegs forngripasafns í Reykjavík“ úti í Kaupmannahöfn. En sennilega er ekki ofsagt, að hinir merku fornleifafundir á Baldursheimi við Mývatn árið 1860, en þar fannst heillegt kuml frá heiðni, hafi valdið hvörfum í lífi Sigurðar Guðmundssonar og kveikt þann hugsjónaeld og vakið þá rannsóknabrá, sem entist honum til æviloka.

Vitað var, að útlendingar höfðu fram til þessa flutt mikið af fornum munum úr landi. Við þessu vildi Sigurður stemma stigu og koma á fót innlendu safni, fornra og gamalla muna, og til liðs við hann komu ýmsir mætir menn, og má þá fyrst an telja Jón Árnason. Birtu þeir félagar ávarp til landsmanna, prentað í Reykjavík 4. október 1862, þar sem þeir komast m.a. svo að orði: „Að endingu vonum vjér als góðs til hinnar dönsku stjórnar, og að hún vilji fúslega hjálpa oss til að bjarga þeim seinustu druslum af okkar fornmenjum, sem enn kynnu að slæðast hér og þar í landinu, eftir að Danir hafa fengið margar af þeim og flestar okkar frægu skinnbækur, sem vér eigum

nærri ekkert sýnishorn af í landinu sjálfu.“

En þetta fór á annan veg, því að danska stjórnin tók þessari málaleitan og beiðni um fjárhagsstuðning fálega, ef ekki beint fjandsamlega. Þó gáfust þeir Sigurður og Jón ekki upp við svo búið. Jón skrifaði stiftsyfirvöldunum, sem samþykktu að lokum 24. febrúar 1863, að slíkt safn skyldi verða opinber stofnun, og Jón Árnason umsjónarmaður hinna væntanlegu forngripa, og síðar, er gripir tóku að berast, var Sigurður, að beiðni Jóns, einnig skipaður aðstoðarmaður. — Gripina frá Baldursheimi flutti Jón Sigurðsson frá Gautlöndum safninu aðgjöf frá Jóni bónda Illugasyni í Baldursheimi 15. júlí 1863 og má segja, að með því hafi safnið verið stofnað. Var það frá upphafi í senn sýningarsafn fyrir alþýðu manna og vísir að rannsóknarstofnun íslenskrar menningarsögu. En bágborinn var aðbúnaðurinn, húsnaðið birtulítið, hriplekt loft í dómkirkjuturninum og flestir munirnir í kössum. Í þessu var Sigurður að grúska oft og tíðum kaldur af vosbúið og lélegur til heilsu. Á þann veg hófst saga safns íslenskra fornmenja og fáir þökkðu brautryðjandanum óeigingjarnt og ómetanlegt starf. Hann fórnaði list sinni og lífi fyrir þessa hugsjón, því að eftir það lagði hann pensilinn að mestu á hilluna og hugsaði lítt um heilsu sína eða að bjarga sér efnalega. Hann hugsaði aðeins um að bjarga íslenskum menningararfi. Að þessu vann hann þrotlaust í ellefu ár og verður það seint þakkað.

Þó lagði Sigurður gjörva hönd á margt fleira, og má þar tilnefna þátt hans í íslensku leiklistarlífi.

Strax fyrsta veturinn í Reykjavík tók Sigurður að vinna að leiksýningum í bæn-um, bjó fyrst til „lifandi eftirmyndir“ — „tableau“ en síðar leiktjöld við fyrstu íslenzku sjónleikina. — Á fundi í „Kvöldfélaginu“, sem var hálfgerð leynifélag og hann var meðlimur í, komst hann svo að orði: „Frá senunni má mennta þjóðina í skáldskap, söng og mússík.“ Fyrsta afrek hans á þessu sviði leiktjaldagerðar var búnaðurinn við leikrit, sem Matthías Jochumsson, þá skólapiltur, setti saman í jólaaleyfinu 1861—1862 og bar nafnið „Útilegumennirnir“ — síðar „Skugga-Sveinn.“ Um þetta farast Matthíasi svo orð eftir að hafa verið í Reykjavík haustið 1861: „Það bætti og, að ég umgekkst daglega þá mestu alþýðufræðimenn, sem þá voru hér á landi: Jón Árnason, bóka-vörð, og Sigurð málara Guðmundsson; urðu þeir báðir fyrstu hvatamenn þess, að ég, þá er leið á haustið, fór að semja þennan leik. Gaf málarinn mér margar ágætar hugvekjur (motiv) handa leiknum, sem hér lengi síðan prýddu sýning leiksins.“

Níu árum síðar setti Indriði Einarsson Nýársnóttina á svið, og var hún frumsýnd um jólin 1871. Á bæði þessi leikrit mun Sigurður Guðmundsson hafa haft veruleg áhrif.

Indriða farast svo orð um Sigurð: „Haustið 1871 kom ég suður til þess að ljúka burtfararprófi um vorið. — Umgangsvinir voru meðal annars Sigurður málari Guðmundsson. Hann var maður vel gefinn, gekk langt í mótstöðu við stjórnina og hina konungkjörnu á Alþingi. Hann var einasti listmálarinn í landinu. — Sigurður var afar fátækur og var mjög óánægður með kjör sín.

Kvæði, sem hann orti, bera þess ljósastan vott. María Einarasdóttir, húsmóðir mín, varaði mig við að umgangast hann. af því hann talaði svo ljótt. Hún vildi mér vel, en ég fór ekki eftir því, enda talaði Sigurður málari ekki neitt ljótt, ef hann byrjaði að tala um sín áhugamál. Sigurður hafði verið í Höfn og séð leiki og sjálfur málaði hann tjöld snilldarlega. Hann unni mjög leikritagerð og vildi gjöra mig að leikritahöfund. Sjálfur hafði hann verið með í ráðum með Matth. J. með Útilegumennina. Ég hyggt, að Sigurður hafi átt einhvern þátt í að mynda Skugga-Svein, lundernið í þeim, og sjálfur orti hann vísuna „Sjóðum og sjóðum“. Þess vegna mun Matth. Joch. hafa felld vísuna burt úr Skugga-Sveini. Sigurður hafði verið erlendis, þegar leiklistin stóð allra hæst við kgl. leikhúsið, og séð margt leikið. Beztu leikritin, sem hann þekkti, voru Henrik IV, H. V. og H. VI. eftir Shakespeare.“

Indriði Einarsson átti og Sigurði Guðmundssyni töluvert upp að unna, því að þegar skólapiltar ásamt Indriða frumsýndu Nýársnóttina 28. desember 1871, var Indriði að því kominn að guggna á fyrirtækinu, en Sigurður var á bak við tjöldin og stappaði í hann stálinu — og sýningin varð stórsigur fyrir Indriða og íslenska leiklist. —

Sigurður málari var mjög pólitískur, sem kallað er, eindreginn skilnaðar- og sjálfstæðismaður og tók virkan þátt í stjórnmálastarfi, var m.a. kjörinn fulltrúi á Þingvallafundinn 1873. Síðustu krafta sína notaði hann til þess að búa Þingvöll fyrir þúsundaráhátíðina 1874. Hafði og raunar áður skrifað ágæta bók, lýsingu á þingstaðnum, sem Bókmenntafélagið gaf

út eftir andlát hans. — En hátíðahöldun-
um auðnaðist honum ekki að taka þátt í
enda lézt hann litlu síðar, 7. september
1874. Matthías Jochumsson flutti áhrifa-
mikla ræðu við líkbörur hans, og meðal
þeirra, sem fylgdu honum suður í kirkju-
garð á köldum septemberdegi, voru nokkr
ar konur í skautbúningi, sem báru svart-
an fald.

Sama daginn og Sigurður málari dó,
skrifar Matthías Jochumsson séra Davíð
Guðmundssyni á Hofi:

„Sigurður frændi yðar málari dó í
morgun. Hann var þó á fótum, nema tvo
daga. Hann hafði alla ævi miklu sterkari
þjóðernis-, réttlætis- og fegurðarhugsjón-
ir en aðrir, sem ég hef þekkt, og komst
því í öfugt samband við þessa gutlara-öld,
sem hann var gjörsamlega í mótsögn við.
Sál hans og vilji var miklu hreinni en
hjá flestum öðrum, en hann var þver og
stirður, vandfýsinn og einrænn í lund,
hann var strang-móralskur ídealisti og
svarinn fjandmaður allrar hræsní, kúgun-
ar og villu. Trúmaður var hann enginn í
venjulegri þýðingu þess orðs, en sál hans
var þó betra musteri sannleikans en 1000
sálir annarra.“

Matthías segir og í eftirmælum:

„Sigurður var alla ævi umkomulaus,
en fátækt sína bar hann konunglega.“

Og sannmæli munu það og vera, sem
standa í Norðanfara frá þessum tíma:

„Hann helgaði líf sitt landinu og vann
því, meðan aldur entist — fyrir ekkert.
Líf hans og yndi var að reynast nýtur
sonur ættjarðarinnar, enda liggur eftir
hann mikið og gott verk. Ætla ég víst, að
hann hafi verið réttnefndur þjóðsnilling-
ur.“

Það er tími til kominn, að íslenska

þjóðin endurskoði mat sitt á Sigurði Guð-
mundssyni og veiti honum þann sögulega
sess, sem hann á skilið, því að hann var
vissulega einn af vormönnum Íslands.

Birgir Kjaran.

Karl skósmiður

Karl skósmiður bjó í herbergi lengst
upp undir risi. Það var ofurlítil kytr,
sem rúmaði aðeins það dót, er Karl gat
ekki verið án. Það, sem háði Karli mest
um þessar mundir var, að hann var hræði-
lega myrkfælinn og ímyndunargjarn. Á
hverri nóttu taldi hann sjálfum sér trú
um, að hann heyrði alls konar hljóð og
sæi undarlegar verur. Já, honum leið
sannarlega illa.

Svo var það einu sinni, að hann vakn-
aði um miðja nótt og taldi sjálfum sér trú
um, að hafa heyrt grunsamlegt þrusk.
Hann hentist fram úr rúminu, og skimaði
í kringum sig, titrandi af ótta og spenn-
ingi. Loks áráddi hann að líta undir rúm-
ið sitt. Þar sá hann gamla, hvíta rykfrakk-
ann sinn. Auðvitað taldi hann sér trú um,
að þar væri draugur á ferð. Hann stirðn-
aði upp, tók stökk af hræðslu, þaut upp
úr loftinu og upp á næstu hæð fyrir ofan,
og það leið stund þar til hann hafði jafn-
að sig.

Lesendur góðir!

Hvað er athugavert við söguna?

Svar er á bls. 34

VEIZTU AÐ

Túnfífillinn er algengasti fífillinn hér á
landi?